



Hafið er opið

á laugardögum kl. 11-15

Hlíðasmára 8 og Spönginni 13

Sími 554 7200 | við erum á [facebook](#)



15. FEBRÚAR 2014 • 6. tölublað 5. árgangur

REYKJAVÍK

VIKUBLAÐ



Heiðar Már Guðjónsson, fyrirsvarsmáður Ursusar.

Mynd: Pressphotos.biz.

Ursus vill hagnast á innviðum samfélagsins og eignast vatnsveitur, hafnir, raflínur og vegi:

Arðsemi hluthafa að leiðarljósi

Samlagshlutafélagið Ursus I sem keypt hefur stóran hlut í HS veitum hefur það eina markmið að eignast fyrirtæki í grunnþjónustu samfélagsins og hagnast á slíkum kaupum. „Félagið mun fjárfesta með arðsemi hluthafa félagsins að

leiðarljósi,“ segir í stofnskrá sem send var fyrirtækjaskrá 23. ágúst í fyrra.

Félagið hefur nú keypt ríflega þriðjungshlut í HS veitum af ýmsum sveitarfélögum á Reykjanesi og Orkuveitu Reykjavíkur

HS veitur færa íbúum á Reykjanesi og

viðar neysluvatn, heitt vatn og rafmagn. Fullyrt er í tilkynningu Reykjanesbæjar um söluna til Kauphallarinnar í vikunni, að Ursus I slhf. sé í meirihlutaeigu lífeyrissjóða.

Frh. bls. 2.



Gefðu gjöf sem mýkist ár eftir ár

Lin

DESIGN

Laugavegi 176 & Glerártorgi Akureyri [www.lindesign.is](#)



Tvær góðar bækur frá bókaútgáfunni Salt. Barnabókin Draumæyjarn og Dóttirin, sönn saga ungrar konu. Fást í Basarnum, Austurvegi og í öllum helstu bókabúðum.



NÚ LEGGJUM VIÐ SPILIN Á BORDIÐ

Drottningar dagar

Lækkum verðið á QUEEN SIZE dýnum í takmörkuðu magni í nokkra daga

Stærðir 153 x 203 cm

KOMDU OG GERÐU ÆVINTÝRALEGA GÓÐ KAUP!



SVEFN-SÓFI

Svefsófi - Verð áður kr. 79.900.-
Verð nú aðeins kr. **59.900**
Litir: Svart



Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opíð virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00

[www.svefn.is](#)

Næstum fimmtungur kvótans

Fiskistofa fer nú yfir kaup ÚA, Síldarvinnslunnar og Gjögurs á veiðiheimum Stálskipa í Hafnarfirði. Stálskip fengu úthlutað um 1,2 prósentum af heildarkvóta á Íslandsmiðum, mælt í þorskigildistönnum. Fiskistofa getur gert athugasemdir ef aðilar – eða tengdir aðilar – fara upp að eða upp fyrir mörk leyfilegs heildarkvóta.

Samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða má heildaraflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra eða tengdra aðila ekki fara yfir 12% af samanlögðu heildarverðmæti aflahlutdeilda allra tegunda. Einnig er kveðið á um hámark í einstökum tegundum.

ÚA, Síldarvinnslan og Gjögur eru

öll tengd innbyrðis. Samherji á ÚA og stóran hlut í Síldarvinnslunni. Eins á Gjögur hlut í Síldarvinnslunni. Þá hefur útgerðin Bergur-Huginn úr Vestmannaeyjum verið keypt til Síldarvinnslunnar. Hins vegar mun vera óvíst hvort þessi félög teljast vera „tengdir aðilar“ í skilningi laganna.

Ef marka má upplýsingar á vef Fiskistofu um kvótaúthlutun sem birtar voru fyrr í vikunni, eftir að kvótakaupin áttu sér stað, nema samanlagðar aflaheimildir Samherja, ÚA, Síldarvinnslunnar, Gjögurs og Bergs-Hugins hátt í 18 prósentum af heildarkvótanum við Ísland, í þorskigildistönnum mælt.

Enginn starfsmaður undir grun

Athugun rekstrarfélags stjórnarráðsins á hugsanlegum leka á minnisblaði um hælisleitanda var mjög takmörkuð, samkvæmt heimildum Reykjavíkur vikublaðs. Aðeins munu hafa verið skoðuð tölvusamskipti úr opinberum netföngum innanríkisráðuneytisins. Rannsókn lögreglu á hugsanlegum leka er hafin. Eftir því sem Reykja-

vík vikublað kemst næst, þá ristir sú rannsókn enn sem komið er ekki dýpra en athugun rekstrarfélagsins. Enginn starfsmaður innanríkisráðuneytisins virðist hafa réttarstöðu grunaðs í rannsókn lögreglu. Hanna Birna Kristjánsdóttir, innanríkisráðherra, sagðist á Alþingi í vikunni vera „með hreina samvisku“ í málinu.

Sjá fréttaskýringu bls.14.

Áfengisdauður á leikskóla

Starfsmaður á leikskóla í Árbænum kallaði til lögreglu þegar hann kom til vinnu í snemma í síðustu viku, og fann þar áfengisdauðan karlmann liggjandi á gólfi. Lögreglan segir við Reykjavík vikublað að maðurinn hafi verið í þannig ástandi að ekki hafi verið hægt að ræða við hann. Hann hafi verið fluttur í fangamóttöku. Engin ummerki voru

um innbrot, segir lögreglan, og að engar skemmdir hafi verið á leikskólanum. Lögreglan sagðist hvorki geta veitt blaðinu upplýsingar um hvað maðurinn var að gera á leikskólanum, né hvernig hann komast þangað inn. Hitt vissi lögregla þó að þetta var yfirstaðið og maðurinn farinn áður en foreldrar komu með börn sín síðar um morguninn.

Frábærar húfur með endurskini



HÚFUR
SEM
HLÆJA

Skólavörðustígur 18

Fjárfestar komnir í innviði samfélagsins

Frh. af forsíðu.

Með kaupum á eignarhlut í HS Veitum er stórt skref tekið í átt að aukinni fjárfestingu lífeyrissjóða og annarra fagfjárfesta í innviðum landsins,“ er haft eftir Heiðari Má Guðjónssyni, fjárfesti og fyrirsvarsmanni Ursusar I, í áður nefndri tilkynningu Reykjanesbæjar.

Hvaða lífeyrissjóðir?

Enginn lífeyrissjóður hefur lýst því yfir að hann hafi tekið þátt í þessum viðskiptum. Heiðar Már Guðjónsson, segir í samtali við Reykjavík vikublað að um sé að ræða níu sjóði. Hann vildi ekki upplýsa hvaða lífeyrissjóðir þetta væru, en sagði að þeir ættu „mikinn meirihluta“ í Ursus I.

Fram kemur í stofngögnum fyrirtækisins að Heiðar Már var þá eini eigandi fyrirtækisins, svo lífeyrissjóðir hafa komið að fyrirtækinu síðar.

Samkeppnisfirlitið er að sögn að fara yfir viðskiptin og segjast aðilar málsins ekki munu ræða það frekar fyrr en að þeirri skoðun lokinni.



Starfsmenn HS veitna vinna við hitaveitulögn.

Mynd: HS veitur.

Ætla að hámarka „arðsemi“

Reykjanesbær verður áfram stærsti hluthafinn í HS veitum, með ríflega helming hlut. Hafnarfjarðarbær ætlar að halda sínum 15 prósentum en Ursus I eignast ríflega 34 prósent. Fyrir hlutinn greiðir félagið ríflega 3 milljarða króna.

Fram kemur í hluthafasamkomulagi sem gert var samhliða sölunni til Ursusar I, og Reykjavík vikublað hefur

undir höndum, að 2/3 hluthafa þurfi til að taka allar meiriháttar ákvarðanir í félaginu. Engin slík ákvörðun verður þannig tekin án þátttöku einkafyrirtækis.

Þar segir enn fremur að hluthafarnir, Reykjanesbær, Ursus og Hafnarfjarðarbær, skuldbindi sig til að vinna m. a. að „arðsemi félagsins sé ávallt háværkuð“ og fjallað um að hluthafar eigi að fá „bestu mögulegu ávöxtun“ af fjárfestingu sinni.

Fullnægi þörfum almennings

Tilgangur starfsemi HS veitna er hins vegar ekki að greiða eigendum arð, ef marka má lög um vatnsveitur sveitarfélaga. Þar segir meðal annars að sveitarfélög í þéttbýli skuli „starfrækja vatnsveitu í þeim tilgangi að fullnægja vatnsþörf almennings, heimila og atvinnufyrirtækja“. Ekki verður séð af gögnum til fyrirtækjaskrár að tilgangi samlagshlutafélagsins Ursusar I hafi verið breytt frá því í sumar.

Mikil samfélagsleg verðmæti

HS veitur hf. urðu til þegar Hitaveitu Suðurnesja var skipt í tvennt, í kjölfar einkavæðingar, en fyrirtækið á sér hátt í hálfra aldar sögu. Geir H. Haarde, þá fjármálaráðherra, seldi hlut ríkisins í Hitaveitunni til Geysis Green Energy rétt fyrir kosningar 2007. Ári síðar var fyrirtækinu skipt í tvennt: HS orku, sem nú er í meirihlutaeigu erlendra aðila, og HS veitna sem hafa þangað til nú, verið alfaríð í eigu sveitarfélaga á Suðurnesjum og Orkuveitu Reykjavíkur.

Auk þess að tryggja íbúum á stóru svæði drykkjarvatn og heitt vatn og rafmagn, hefur þetta fyrirtæki sveitarfélaganna skilað umtalsverðum fjárhagslegum hagnaði undanfarið ár, ef marka má ársskýrslur HS veitna. Hluthafar, sveitarfélögin og OR, hafa tekið 945 milljónir króna út í arðgreiðslum frá rekstrarárinu 2009, sem var fyrsta heila rekstrarár félagsins og hafa arðgreiðslur aukist ár frá ári.

MP styrkti stjórnarflokkana

Framsóknarflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn hafa báðir þegið styrki frá MP banka, árin 2011 og 2012 en á sama tíma hafa aðrir flokkar á Alþingi ekki notið stuðnings frá bankanum.

Samanlagt hafa stjórnarflokkarnir fengið 900 þúsund krónur frá bankanum, Sjálfstæðisflokkurinn tvo þriðju upphæðarinnar.

Samfylkingin fékk 300 þúsund króna styrk frá bankanum á kosningarárinu 2009 en ekki eftir það, samkvæmt því sem fram kemur á vef Ríkisendurskoðunar.

MP banki var mikið til umræðu nýlega vegna 50 milljarða króna frískuldamárs á bankaskatti. Frosti Sigurjónsson, formaður efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis og þingmaður Framsóknarflokksins, varð margsaga um hvaðan hugmyndin um 50 milljarða markið kom, og hefur þeirri spurningunni raunar enn ekki verið svarað.

Bankastjóri MP banka á þessum tíma er mágur forsætisráðherra og formaður stjórnar bankans er jafnframt fyrrverandi formaður Sjálfstæðisflokksins.

Vilja endurskoða lög um Rúv

Aðgerðir valdhafa og yfirlýsingar eru til þess fallnar að grafa undan trausti á stofnuninni. Það má ekki gerast heldur þarf þvert á móti að efla og bæta Ríkisútvarpið,“ segja tveir stjórnarmenn í Lýðræðisfélaginu Öldu.

„Alda leggur því til að lög um Ríkisútvarpið verði endurskoðuð með það að markmiði að tryggja sjálfstæði þess og tækifæri til að sinna lýðræðislegri og menningarlegri skyldu sinni.“

Sjá bls.12.

Vilja dóminn á Hlemm

Reykjavíkurborg vill ræða við ríkið um að flytja aðsetur Héraðsdóms Reykjavíkur, af Lækjartorgi og upp á Hlemm. Málið var rætt á fundi borgarráðs á fimmtudag og þar samþykkt að senda innanríkisráðherra bréf um málið. Þar segir meðal annars að nú sé dómurinn til húsa í „hjarta Reykjavíkur“ og sé þar illa fyrir komið. Þessi staðsetning sé ekki til þess fallin að stuðla að „auðugu mannlífi í miðborginni og vegur torgsins hefur að sama skapi farið minnkandi“, segir meðal annars í bréfi borgarinnar til ráðherrans.



Heimsfrægur heimsklassa söngleikur á heimsmælikvarða

Fyrir alla fjölskylduna!



Daily Star



Daily Telegraph

Frumskýning 21. febrúar

ÚR SMÍÐJU

MONTY PYTHON SPAMALOT™

Verðlauna *tímamóta* söngleikur byggður á kvikmyndinni
MONTY PYTHON and the Holy Grail

Örn Árnason, Selma Björnsdóttir, Maríus Sverrisson
Jóhannes Haukur Jóhannesson, Ævar Þór Benediktsson
og Stefán Karl Stefánsson

LEIÐARI



Fallöxi markaðarins

Nú er búið að einkavæða stóran hlut í veitufyrirtækinu HS orku. Fyrirtækið hefur það hlutverk að miðla neysluvatni, heitu vatni og rafmagni; allt saman grundvallarnauðsynjar í samfélaginu. Réttur til drykkjarvatns telst til mannréttinda. Það lifir enginn í köldu landi án kyndingar, þvottar eru heilbrigðismál og allt okkar nútímasamfélag byggist á notkun rafmagns.

Það kemur í sjálfu sér ekki á óvart að einhverjir sjái gróðavon í því að eignast einokunarfyrirtæki í grunnþjónustu. Það er hins vegar óskynsamlegt. Og hvar er umræðan? Hvenær var ákveðið í íslensku samfélagi að „fagfjórðing“ ættu að eignast grunnþjónustuna?

Svarið er að það var ákveðið í miðri bólunni á Íslandi fyrir hrun – þegar frjálshyggjuæðið stóð hvað hæst. Málið var rætt á Alþingi, en í samfélaginu og fjölmiðlum eru litlar heimildir um umræðu. Hugmyndir um einkavæðingu vatns voru raunar gagnrýndar, en niðurstaða meirihlutastjórnmalanna hefur hins vegar verið önnur.

Nú er það svo, að sjálfstæðismenn hafa haft forgöngu um þessa einkavæðingu grunnþjónustunnar, gjarnan í samstarfi við Framsóknarflokkinn. Mest áberandi hefur þó verið bæjarstjórnarmeirihluti sjálfstæðisflokksins í Reykjanesbæ, með Árna Sigfússon í broddi fylkingar. Maður skyldi ætla að íbúar sveitarfélagsins myndu einhvern tímann læra af reynslunni, þar sem einkavæðingarvintýrið þar syðra hefur mistekist í öllum greinum. Þannig hefur bærinn til dæmis þurft að taka aftur við öllum húsunum sem voru lögð inn í eignarhaldsfélagið Fasteign, með bæði veseni og kostnaði fyrir bæjarbúa, sem íbúa annarra sveitarfélaga.

En sjálfstæðismenn eru ekkert einir hér að verki. Þannig tekur meirihluti Besta flokksins og Samfylkingarinnar í Reykjavík þátt í þessari lotu á einkavæðingu grunnþjónustunnar, með stuðningi Sjálfstæðisflokksins, með því að selja hlut Orkuveitunnar í þessu mikilvæga fyrirtæki, HS veitum. Hvorki Samfylkingarfólk né liðsmenn Besta flokksins virðast sýna nokkra tilbúðni til að ræða málið opinberlega og sjálfstæðismenn raunar ekki heldur. Er þetta sú stefna sem Samfylkingin og arftaki Besta flokksins, Björt framtíð, ætla – auk Sjálfstæðisflokksins – að bjóða borgarbúum í kosningunum í vor?

Það er ekki langt síðan heilt bankakerfi hrundi til grunna hér á landi. Frá haustinu 2008 hefur þorri almennings búið við mikla kjararýrningu, margir við atvinnuleysi og allir við óvissu.

Hvað ætlum við að gera í næsta hrúni ef grunnþjónustan verður öll komin í hendur „fagfjórðinga“? Eiga þá íbúar landsins að kaupa vatnið sitt og hitaveituna aftur af einhverjum skilaneftum? Eða greiða erlendum vogunarsjóði fyrir vatnið úr krananum?

Þetta er grafalvarlegt mál. Gildir einu þótt menn slái um sig með aðkomu lífeyrisjóða. Aðkoma þeirra skiptir engu máli ef það er forstjóraklúbburinn sem ræður för. Og þannig er það.

Grunnþjónustan á að vera í eigu fólksins og í umsjón fólksins og fulltrúa þeirra. Ekki forstjóra og auðmanna. Ef fólk vill endilega stinga hausnum á sér í gatið á fallöxi markaðarins, þá verður svo að vera. En það má ekki gerast án umræðu.

Ingimar Karl Helgason

Hvað verður um miðborgina?

Ferðalög bera mann til borga, til dæmis lítilla höfuðborga eða merkra borga af svipaðri stærð og Reykjavík. Öll eru þjóðfélögin baki þeim stærri en okkar en alltaf vekur þó undrun að Reykjavík nái að vera meiri að flatar- og ummáli en umræddar borgir. Í sömu andrá sést að almenningssamgöngur eru betur heppnaðar í þeim en Reykjavík og allar hafa þær miðlæga samgöngumiðstöð (járnbrautarstöð, lítinn flugvöll og/edá rútustöð). Mætti

ekki læra margt af slíkum, yfirleitt margreyndum, þéttbýliskjörnum? Vilji menn það, blasir eitt af mörgu við: Miðborgir geta hætt að höfða til heimamanna af tiltölulega nýlegum ástæðum og fólk tekur upp tal um hnignun þessara bæjarhluta, eða eitt-hvað skylt.

Ástæðurnar eru flóknar en felast að nokkru í stjórnlausri uppbyggingu og breytingu mannvirkja sem athafnamenn telja að ferðamenn hafi áhuga á. Breytingin sést ekki á mannfæð

Ummæli með erindi:

„Þegar fólk vinnur langan vinnudag og ber ábyrgð á heimili þá verður það að velja — kannski milli barna sinna og félagsstarfs. Og maður fórnar ekki börnunum sínum þótt maður gæti sjálfsagt hjálpað fleira fólki með félagslegri baráttu. Það er talað um að verkafólk sé óduglegt að sækja fundi,

og félagsleg deyfð er staðreynd, en ástæðurnar fyrir henni eru margar.“
- Inga Huld Hákonardóttir, í viðtali við 19. júní, 1982.



HÉÐAN OG ÞAÐAN ...

Öryggi upplýsinga

Eygló Harðardóttir, félagsmálaráðherra, upplýsti á ráðstefnu SAFT á netöryggisdaginn sem haldinn var í vikunni að á hennar heimili væru þeir yngstu flinkir á tölvur. Þótt þetta þætti hlýlegt og skemmtilegt olli erindið töluverðum vonbrigðum, enda hafði fólk búið við því að ráðherrann myndi kannski koma inn á stefnu stjórnvalda og fyrirætlanir í þessum efnunum. Hanna Birna Kristjánsdóttir átti líka að ávarpa ráðstefnuna á netöryggisdaginn. Hún var hins vegar föst á Ísafirði. Áhuga-

menn um öryggi á netinu og persónuupplýsingar hefðu vafalaust vilja heyra mál ráðherrans.

Löggur

Landeigendur við Geysissvæðið hafa tilkynnt að þeir hyggist hefja gjaldtöku inn á svæðið 10. mars. Fyrir þessu er engin heimild, enda eiga landeigendur ekki landið einir. Viðbrögð ferðamálaráðherrans hafa sannarlega verið varfærin, kannski af því að hún er þingmaður í kjördæminu. Fjármálaráðuneytið er hins vegar ekki með

neina vöflur og segist „stöðva slíka framkvæmd með aðstoð yfirvalda og dómstóla ef með þarf.“ Menn spyrja hvort von sé á viðlíka aðgerðum til að stöðva óheimila gjaldtöku af ferðafólki, og gripidi var til þegar virðulegir borgarar drukku kaffi í Gálghrauni í október. Þar voru fleiri löggur en mótmælendur og níu hafa verið færðir fyrir dóm.



Þrjú svör

Það hefur ekki farið fram hjá þeim sem fylgjast með fréttum að forsætisráðherrann á það til að fara víða í ræðum sínum, en þegar farið er yfir málið, er þrennt sem vekur sérstaka athygli í máli hans. Hvort sem það er í samskiptum við þingmenn, viðskiptalífið eða almenning í gegnum fjölmiðla eru áberandi þrjú svör eða staðhæfingar. 1) Þetta er misskilningur/útrúsnúningur og sá sem hélt því fram hefur annarlegan tilgang. 2) Síðasta ríkisstjórn gerði eitthvað verra en ég. 3) Icesave.



Höfundur er Ari Trausti Guðmundsson jarðvísindamaður og rithöfundur

í tilteknum miðbæ heldur á því að heimamenn leiða borgarhlutann að mestu hjá sér. Hann verður að uppsettri leikmynd, fjarri venjulegu og fjölbreyttu borgarlífi. Íbúðarhús verða gististaðir, hótél standa í röðum, sum hálfót, meirihluti verslana höfðar ekki lengur til heimamanna, afþreying er ýmist stöðluð eða beinist nær eingöngu að ferðamönnum og gríðarlegur fjöldi veitingastaða og kráa safnast fyrir á litlu svæði, miðað við fjölda viðskiptavina. Fjöldi fyrirtækja birtist hratt og hverfur álika fljótt af því að efnahagsgrunnurinn er of veikur. Á öðrum stöðum er jafnan örtröð. Mörg fyrirtæki og stofnanir sem almenningur á erindi við flytjast til annarra hverfa. Auðvitað eru víða athyglisverð fyrirtæki í allri flórunni og margir ná árangri í viðskiptum en heildarþróunin er samt sú sem æ fleiri hafa orð á og mislíkar.

Í FRÉTTUM

Dularfull fréttatilkynning

Icesave málið, sem rekja má til gamla Landsbankans, kom óvænt upp á yfirborðið í vikunni í kjölfar fréttatilkynningar frá



Tryggingarsjóði innistæðueigenda og fjárfesta. Þetta varð fyrsta frétt bæði á Stöð 2 og RÚV og var áberandi á vefmiðlum á mánudag. Þetta gæti skipt máli varðandi tryggingar á innistæðum landsmanna. Mál hollenska seðlabankans og breska tryggingarsjóðsins gegn íslenska tryggingarsjóðnum var hins vegar þingfest í héraðsdómi Reykjavíkur í nóvember í fyrra. Hvernig gat það farið fram hjá öllum íslenskum fjölmiðlum? Tvennt kemur til greina og hvort tveggja vont. Annað hvort ræður enginn við að birta fréttir nema fá um það sérstaka tilkynningu, eða að dómstólar greina ekki frá mikilvægum málum sem þar eru á dagskrá.

Hvur trefillinn!



Illugi Gunnarsson mennta- og menningarmálaráðherra birti mynd á facebook síðu sinni sem gekk aftur í fjölmiðlum fjölmiðlum, síðast í Fréttablaðinu í gær. Þar sat hann í stúku á opunarahátíð Vetrarólympíuleika ásamt tugþúsundum annarra, með röndóttan trefil Samtakanna '78 um háls. Engum sögum fer hins vegar af því hvort trefillinn kom aðeins við sögu á þessari mynd, eða hvort ráðherrann gekk með hann á sér á ferðum sínum í Rússlandi. Á mynd sem forsetaembættið birti af ráðherranum, innan um vetrarklætt fólk, var enginn trefill sjáanlegur, og heldur ekki á mynd sem birtist á vef ÍSÍ af heimsókn ráðherrans í Ólympíuþorpið, og var sú mynd raunar tekin utan dyra.

Framsóknarteygjanleiki

„Matvælaöryggi á Íslandi er eitt það öruggasta í heimi.“ Þessi orð voru nýlega höfð eftir Sigurði Inga Jóhannssyni, matvælaráðherra, á Vísi. Þetta er sá hinn sami ráðherra og hundsáði tilmæli bæði heilbrigðiseftirlits og matvælaeftirlits og tók geðþóttaákvörðun um að selja mætti matvöru sem í var notað fimm ára gamalt hvalamjöl sem ekki má einu sinni nota í skepnufóður. Skilgreining framsóknarráðherrans á matvælaöryggi má líklega telja framandi ... eða kannski er hún bara „teygjanleg“.



REYKJAVÍK VIKUBLAÐ

6. TBL. 5. ÁRGANGUR 2014

ÚTGEFANDI: Fótspor ehf. Ábyrgðarmaður: Ámundi Ámundason, sími: 824 2466, netfang: amundi@fotspor.is. Framkvæmdastjóri: Ámundi Steinar Ámundason, netfang: as@fotspor.is. Auglýsingastjóri: Ámundi Ámundason, Suðurlandsbraut 54, 108 Reykjavík. Auglýsingasími 578 1190, netfang: auglysingar@fotspor.is. Veffang: fotspor.is. Ritstjóri: Ingimar Karl Helgason, sími: 659-3442 netfang: ingimarkarhelgason@gmail.com. Blaðamaður: Atli Þór Fanndal. Netfang: atli@thorfanndal.com. Menningarblaðamaður: Hildur Björgvinsdóttir. Netfang: hildurbjorgvins@gmail.com. Matarblaðamaður: Svavar Halldórsson. Sími: 869-4940. Netfang: svavar@islenskurmatur.is. Umbrot: Prentsmið, Prentun: Ísafoldarprentsmiðja, 50.000 eintök. Dreifing: Póst dreifing

UMHVERFISVOTTUÐ PRENTUN



FRÍBLAÐINU ER DREIFT Í 50.000 EINTÖKUM Í ALLAR ÍBÚÐIR Í REYKJAVÍK.

TANDOORI KJÚKLINGUR



PANTA & SÆKJA

5 78 78 74

SAFFRAN

VIÐTAL

Kolefnisbólán og Drekasvæðið

Hildur
Knútsdóttir

Jim Yong Kim, forseti Alþjóðabankans, hvatti fjárfesta á fundi Alþjóðafnahagsráðsins í Davos nú í janúar til að velta fyrir sér þeim möguleika að selja hlutabréf sín í fyrirtækjum sem grafa eftir og vinna olíu, gas og kol.

Hann tók þannig undir ákall blaðamannsins Bill McKibben, sem er einn þeirra sem stýrt hefur herferð samtakanna 350.org. Átakið sækir innblástur til herferðarinnar sem beint var gegn Suður-Afríku og náði hámarki sínu á níunda áratug síðustu aldar, en þá voru fyrirtæki hvött til að selja hlutabréf sín í suður-afrískum fyrirtækjum sem mót-mæli við aðskilnaðarstefnuna. Margir telja að herferðin hafi átt veigamikinn þátt í því að aðskilnaðarstefnan var lögð af, enda jókst verðbólga í Suður-Afríku um 12–15% á ári í kjölfar herferðarinnar.

Vitum um fimm sinnum meira en óhætt er að brenna

En af hverju ættu fjárfestar að selja hlutabréf sín í olíu-, kola- og gasvinnslu? Því bruni á jarðefnaeldsneyti veldur hlýnun jarðar. Afleiðingar hlýnunarinnar eru m.a. öfgafyllra veður, uppskerubrestir og hækun yfirborðs sjávar sem mun flæða yfir heimkynni milljóna. Aukinn koltvísýringur í andrúmsloftinu veldur auk þess súrnun sjávar sem ógnar mjög lífríki hafs. Árið 2009 undirrituðu Sameinuðu þjóðirnar samþykkt í Kaupmannahöfn þess efnis að hitastig jarðar mætti ekki hækka meira en að meðaltali um 2 gráður á celsíusvarðanum frá tímum iðnbýltingar. En ef það markmið á að haldast þá má ekki brenna meira en 565 gíгатонnum af kolefni.

En í þeim eldsneytisbirgðum sem er vítað um og enn á eftir að dæla upp eru 2,795 gíгатонn af kolefni – fimm sinnum meira en við megum brenna ef við viljum halda okkur innan við tveggja gráðu markað. Og olíu-, gas- og kolafyrirtæki eru þegar búin að framreikna framtíðargróðann af þessum lindum, sem skilar sér í herra verði á hlutabréfum.

Varað við að kolefnisbólán springi

Fjölmiðlar á borð við The Economist og The Washington Post hafa því varað

við því að það sé kolefnisbólá á markaðinum og að hún muni, líkt og allar bólur gera að lokum, springa. Reykjavík vikublað ákvað að taka David Cook tali, en hann er menntaður í hagfræði, sjálfbærri þróun og skipulagsfræðum og stundar nú meistaranám í umhverfis- og auðlindafræði við Háskóla Íslands.

Telur hann að það sé kolefnisbólá á markaðinum?

„Það er vissulega galli á því hvernig eignir bundnar í jarðefnaeldsneyti eru metnar og afleiðingin er svokölluð kolefnisbólá. Verðmæti hlutabréfa í fyrirtækjum sem grafa eftir kolefniseldsneyti er reiknað út frá því að allar lindir þeirra verði tæmdar. Það er óraunhæft vegna margra þátta, frá hreinu hagfræðisjónarhorni má segja að það verði sífellt dýrara að dæla upp olíu, en olíuverð muni að sama skapi ekki hækka nægilega mikið til að veða upp á móti kostnaðinum. Það hefur verið raunin í Norðurhófum síðastliðin fimm ár.

Líklega má einungis brenna um tuttugu prósentum af þeim forða sem þegar er vítað um í jörðinni, ef hitastig má ekki hækka um 2° C. Það þýðir að það þyrfti algjörlega að endurmeta eignir þessara fyrirtækja og verð á hlutabréfum þeirra. Sem dæmi um það hvað myndi gerast ef það yrði gert má nefna að árið 2004 gaf Shell út þá yfirlýsingu að olíulindir þeirra innihéldu 20% minna af olíu en áður var talið. Hlutabréfaverð féll um 10% á einni viku og verðmat fyrirtækisins féll um þrjár billjónir breskra punda (567 þúsund milljarðar kr.). En núna erum við að tala um möguleg áhrif þess að fyrirtækin minnkuðu framtíðarlindir sínar um 80%, ef við gefum okkur takmarkanir á losun vegna loftslagsbreytinga. En markaðurinn gerir ráð fyrir því að hægt sé að brenna allar auðlindirnar, sem er fólks forsenda og



David Cook segir að mörg ár muni líða áður en ákvörðun verði tekin um olíuvinnslu á Drekasvæði.

stór áhættuþáttur fyrir kapítalískan markað. Og það má benda á kolefnisbóluna sem sterk mótrök gegn því að leita að enn fleiri olíulindum en við vitum þegar um.“

Er Drekasvæðið fjárfesting sem borgar sig?

Í ljósi þessa, er það ráðlegt fyrir Ísland að leita að olíu á Drekasvæðinu? Er það fjárfesting sem gæti borgað sig?

„Það hefur verið ekki mikið verið borað eftir olíu á Norðurlóðum, því olíuvinnsla er dýr á þessu afskekktu og erfiða svæði. Þar sem verðið á olíutunnunni hefur farið síhækkandi og er orðið herra en 75 dalir á tunnu, þá er mögulegt að það borgi sig, peningalega séð, ef olíuverð helst svo hátt. En aftur á móti er ómögulegt að spá fyrir um olíuverð í framtíðinni, þó flest bendi til þess að með þverrandi olíulindum muni verðið haldast yfir 70 dölum á tunnuna. Reyndar er hækking olíuverð í framtíðinni bestu hagfræðilegu rökin fyrir því að láta olíuna liggja þar sem hún er. Loftslagsbreytingar og önnur siðferðileg álitamál varðandi olíuvinnslu á Norðurlóðum styrkja þá niðurstöðu. En olíuleitin á Drekasvæðinu er enn í startholunum og leyfi

fyrir vinnslu hafa ekki verið veitt. Það á eftir að skoða svæðið miklu betur og þónokkur ár eru í að niðurstaða fáiast um hvort það borgi sig að dæla upp olíu þar – ef hún finnst – og sú ákvörðun verður tekin í ljósi olíuverðs á þeim tíma.

Það má reikna með að olíuleit á svæðinu muni kosta á bilinu 300 til 350 milljónir Bandaríkjadala (35–40 milljarða kr.).

En ef olía finnst og það er hægt að vinna hana þá gæti það haft mjög góð áhrif á efnahag Íslands. Ég tel að það muni ekki skapast mörg störf, en ríkistekjur myndu aukast töluvert. Ef Ísland tekur upp líkt kerfi og Noregur og skattleggur fyrirtækin sem vinna olíuna og gasið og leggur féð í sameiginlega sjóði, þá gæti það haft bein jákvæð áhrif á fólkið í landinu. En sjóður Íslands yrði mun minni en Noregs.“

Hverfandi áhrif fjárlosunar

Margir hafa hvatt fjárfesta til að selja hlut sinn í fyrirtækjum sem versla með jarðefnaeldsneyti. Telur þú að sú aðferð sé vel til þess fallin að minnka útblástur gróðurhúsalofttegunda og þar með takast á við loftslagsbreytingar?

„Í teoríu er þetta góð leið til að senda



Hópur fólks mótmælti þegar skrifað var undir sérleyfi um olíuvinnslu.

þessum fyrirtækjum skýr skilaboð um að nú sé tíminn til að skipta yfir í hreinni orkugjafa. Ef minna er fjárfest í jarðefnaeldsneyti þá eru fyrirtæki og ríkisstjórnir í kjölfarið líklegri til þess að leggja meiri áherslu á hreinni orku. Og að sama skapi auðveldar það ríkjum að setja sér losunarmarkmið og standa við þau.

En í reynd þá þarf fjárlosunin að vera á mjög stórum skala til að það hafi einhver áhrif á ríkisstjórnir og risafyrirtæki. Þó það megi dást að fjárlosunarherferðum, ekki sist fyrir að vekja athygli á loftslagsbreytingum, þá hafa þær hverfandi áhrif þegar litið er til markaðseftirspurnar á olíu, gasi og kolum í flutninga-, bygginga- og orkuframleiðsluina. Þar er helsta eftirspurnin eftir jarðefnaeldsneyti og heilu hagkerfin eru byggð á þessum greinum. Það er til dæmis enn mun ódýrara og hagkvæmara að keyra bensínbil, þrátt fyrir að rafbilar hafi mikið lækkað í verði. Ef ríkisstjórnir leggja ekki sitt af mörkum með því að fjárfesta í og niðurgreiða endurnýjanlega orkugjafa, þá verða þeir aldrei samkeppnishæfir. Það sem eykur enn á vandann er að margar ríkisstjórnir niðurgreiða jafnframt jarðefnaeldsneyti.“

Er húsfélagið í lausu lofti?

Vantar óháðan aðila til að annast málefni húsfélagsins eða rekstrarfélagsins?

» Eignaumsjón er óháður fagaðili þegar kemur að rekstri húsfélaga og rekstrarfélaga – og því frábær lausn fyrir eigendur atvinnuhúsnæðis. Í okkar umsjá ertu í góðum höndum - við sjáum um fjármálin, fundina, undirbúning framkvæmda og viðhalds og annarra þátta sem þarf að leysa.



VERKFÆRI SEM HÆGT ER AÐ TREYSTA !

TOPTUL®

IBTGAAI4201

VERKFÆRASETT 42 STK.

Toppar 1/4" - 1/2" 5 - 24mm
Lyklar 8 - 22mm
Frömlengingar og skröll
Sterk plasttaska

12.900 m/vsk

Fullt verð 20.670



IBTGCAI094R

TOPPLYKLASETT 94 STK.

1/4" 4 - 14 mm
1/2" 10 - 32 mm
Bitar og fl.
Sterk plasttaska

16.900 m/vsk

Fullt verð 25.231



TILBOÐ

IBTGCAI9601

VERKFÆRASETT 96 STK.

Toppar 1/4" - 1/2" 4 - 32 mm
Toppar, lyklar, skrúfjárn, töng
Nippilyklar og fl.
Sterk plasttaska

22.900 m/vsk

Fullt verð 37.200



TILBOÐ

IBTGCAI130B

VERKFÆRASETT 130 STK.

1/4" - 3/8" - 1/2"
Toppar 4 - 32 mm | 5/32" - 1 1/4"
fastir lyklar 8 - 22 mm
E toppar, sexkantbitar og fl.
Sterk plasttaska

24.900 m/vsk

Fullt verð 37.900



IBTJGAI1801

BREMSUÐÆLUPVINGA 18 STK.

Universal
Réttar og öfugar gengjur
Passar fyrir algengustu
bílategundir

9.900 m/vsk

Fullt verð 14.006



TILBOÐ

IBTGAAI5801

SKRÚFJÁRN OG BITASETT 58 STK.

Stjörnu og slétt.
Bitar, bitahaldarar
hosuklemmujárn og fl.
Sterk plasttaska

9.900 m/vsk

Fullt verð 14.685



TILBOÐ

SNITTSETT

40 stk.

9.900 m/vsk



TOPPLYKLASETT

17 stk.

3.900 m/vsk



O-HRINGJASETT

394 stk.

4.153 m/vsk



SKÚFSTYKKI


6"

16.900 m/vsk



322 STK - VERKFÆRAVAGN Á HJÓLUM

8 Skúffur



239.900 m/vsk

Okkar besta verð



www.sindri.is / sími 575 0000

SINDRI

Viðarhöfða 6 - Reykjavík | Bæjarhrauni 12 - Hafnarfjörður

HRINGBORÐIÐ



Ætti forsetinn að þiggja boð einkafyrirtækis?

Ferðalög forseta Íslands hafa verið nokkuð til umræðu. Nú síðast vegna fyrirhugaðrar ferðar hans á Ólympíuleika í Rússlandi. Á Alþingi var spurt um ferðakostnað forsetans. Sumt af kostnaðinum greiddi forsetaembættið. Í einhverjum tilvikum gestgjafar. En kæmi upp sú staða, að einkafyrirtæki vildu bjóða forsetanum ferð eða gistingu, ætti hann að þiggja?



Hulda María Magnúsdóttir, kennari

Ekki besta ákvörðunin

„Nei, mér finnst ekki að forsetinn ætti að þiggja slíkt frá einkafyrirtæki, hann á að vera óháður sem forseti þjóðarinnar, ekki „í boði“ einhvers fyrirtækis. Ef þetta er spurning um peninga, hvort farið er í slíkar ferðir eða ekki, þá hlýtur bara að þurfa að forgangsraða. Ég set til dæmis spurningarmerki við þessa ferð forsetans til Sochi. Þjóðhöfðingjar margra annarra ríkja, til dæmis forseti Bandaríkjanna, forsætisráðherra Bretá, kanslari og forseti Þýskalands og forseti Frakklands, ákváðu að sniðganga opunarathöfn Ólympíuleikanna til að mótmæla stöðu samkynhneigðra í Rússlandi en Ólafur Ragnar ákvað að mæta í fyrsta sinn á vetrarólympíuleika. Ekki hans besta ákvörðun í embætti að mínu mati.“



Einar Karl Friðriksson, efnaræðingur

Á forsendum forsetans

„Eitt af verkefnum forseta er að liðsinna íslenskum fyrirtækjum við að koma sér og sinni vöru á framfæri erlendis. Kannski er ekki óhugsandi að fyrirtæki taki einhvern þátt í kostnaði vegna ferðalaga forseta í slíkum erindum. En hér er að ýmsu að hyggja. Við viljum ekki að fyrirtæki geti pantað sér forsetafylgd, ljáð verkefnum sínum virðugleika og aukið traust, nema það sé fyllilega á forsendum forsetaembættisins. Fyrirtæki eiga ekki að geta keypt sér traustsyfirlýsingu frá þjóðhöfðingja. Samstarf forseta við einkafyrirtæki þarf

að vera hafið yfir allan vafa um óeðlilega fyrirgreiðslu, t.d. þannig að starfslið utanríkisráðuneytis taki virkan þátt í öllum undirbúningi að slíku. Fullt gagnsæi ætti að ríkja um öll svona verkefni. Forsetaembættinu má hrósa fyrir mjög góða upplýsingamiðlun um ferðir og erindi forseta, sem haldið er til haga á heimasíðu embættisins. Þar mætti hæglega koma á framfæri upplýsingum um þátttöku forseta í kynningarstarfi einstakra fyrirtækja erlendis og sjálfsgætt að komi fram hvort fyrirtækin taki þátt í kostnaði forsetans í slíkum ferðum. Um þetta mætti hafa viðmið og reglur í síðareglum fyrir forsetaembættið, sem mælt var með eftir bankahrunið í skýrslu RNA.“



Svavar Knútur, tónlistarmaður

Grundvallarregla

„Það er eðlilegt að opinberir aðilar beri kostnað af öllum ferðalögum forsetaembættisins. Sök sér finnst mér það ákveðinn sparðatíningur að væla yfir ferðakostnaði vegna embættisins. Prinsipsins vegna á forsetinn að þjóna ákveðnu landkynningarhlutverki og vera ákveðinn fulltrúi landsins, nokkurs konar ferðasendiherra.“

Það er hins vegar algerlega fráleitt að einkaaðilar „sponsi“ forseta landsins og að mínu mati er ómögulegt að gera undantekningu á þeirri grundvallarreglu. Hér er um að ræða æðsta embætti þjóðarinnar og það er einfaldlega ekki í boði að einkaaðilar komist í



Forsetinn í Kanada ásamt forsvarsmönnum Landsbankans sáluga.

Mynd: Forseti.is



Forsetinn á vellinum ásamt rússneskum auðmanni og fleirum. Mynd: Forseti.is

nokkra aðstöðu, hversu veik sem hún kann að vera, til að hafa áhrif á þjóðarleiðtoga. Þessar reglur ættu í raun að gilda í hvítvetna, líka um yfirmenn stofnana, þingmenn og ráðherra. Líkt og reglan um hámarksupphæð gjafa.“



Unnur María Bergsveinsdóttir, sagnfræðingur og sirkuslistakona

Spurning um trúverðugleika

„Nei. Ég tel rétt að forsetinn sem og aðrir opinberir embættismenn forðist allar slíkar tengingar við einkaaðila. Til þess að tryggja trúverðugleika stjórnsýslunnar er mjög mikilvægt að það fólk sem gegnir opinberum embættum leggi sig í líma við að forðast allt það sem hægt er að sjá sem



Eimskips og forsetinn í Portland í fyrrasumar. Mynd: Eimskip.is

merki um óeðlileg hagsmunatengsl og spillingu. Í okkar litla samfélagi má oft greina tengsl þvers og kruss á milli gerenda í atvinnulífi og þeir einstaklinga sem starfa innan stjórnsýslu, sem gerir það sérstaklega mikilvægt að hér sé lögð áhersla á gegnsæ og siðleg vinnubrögð. Munurinn á gestrisni og mútum er ekki alltaf augljós og því setja stofnanir oft skýrar reglur um það hverskonar velgjörninga starfsmenn þeirra mega þiggja. Mér finnst borðleggjandi að forsetinn og aðrir opinberir starfsmenn geti ekki látið það eftir sér að ferðast í boði einkafyrirtækja. Umræðan um ferðalög Ólafs Ragnars í einkaþotum útrásarvíkinga hér um árið gerði það augljóst að sú greiðvikni varpaði skugga á trúverðugleika hans.“



Guðrún Elsa Bragadóttir, doktorsnemi

Sendum Jón Gnarr

„Almennt þykir mér óviðeigandi að einkaaðilar fjármagni ferðalög þjóðhöfðingja, svo ég myndi segja nei, að hann eigi ekki að þiggja slík boð. Eitt af því ótalmörgu sem Íslendingar ættu að hafa lært eftir efnahagshrunið er að það er varasamt, og getur verið beinlínis stórskadlegt, að forseti ferðist á vegum einkafyrirtækja og tali máli þeirra. Hvað varðar að fara á Ólympíuleikana í Rússlandi, þá hafa önnur atriði auðvitað líka áhrif á ákvörðunina. Í ljósi þeirra óhugnanlegu mannréttindabrota sem eiga sér stað þar í landi er í mínum huga gjörsamlega ótækt að fara án þess að beita sér með einhverjum hætti í þágu mannréttinda í Rússlandi. Hin leiðin væri að neita að koma og mótmæla þannig. Þar sem ég hef svo sem ekki mikla trú á því að Ólafur Ragnar noti heimsóknina sérstaklega til að knýja á um aukin réttindi minnihlutahópa – þótt ég vilji alls ekki útiloka það – finnst mér óþarft að hann hafi farið þangað, sama hvernig ferðin var fjár-

Reykjavík – vikublað hefur fengið stóran hóp valinkunnra kvenna og karla til að spá í málefni liðandi stundar með lesendum. Þátttakendur í Hringborðinu eru eingöngu fulltrúar eigin sannfæringar en ekki hagsmunaaðila, fyrirtækja, stjórnmalaflokka, íþróttafélaga eða annarra samtaka og stofnana.

mögnuð. Helst hefði ég náttúrulega viljað að Jón Gnarr hefði farið, hann hefði eflaust látið í sér heyra með afgerandi hætti.“



Dóra Ísleifsdóttir, prófessor

Regnbogabrú

„Forsetar og forstjórar eru sniðugir. Þeir eru allir vinir. Hjálpast að. Láta hlutina gerast. Ef einn á ekki pening kemur hinn til hjálpar. Forstjóri reddar gratis gistingu fyrir forseta. En á hönk í forsetabakið eftir. Nú spyr fólk sig hvað sé málið. Fólk spyr sig hvað forstjóri geti fengið fyrir hönk í forsetabaki. Forstjórinn flytur dót til og frá. Hann rekur annað tveggja íslenskra fyrirtækja sem það gera á sjó. Forsetinn hittir menn og togar í spotta. Hann togar mikið í kinværsk stjórnvöld. Og þau í hann. Vill til að fyrirtækið sem forstjórinn rekur hefur starfsemi í Norður-Ameríku. Höfuðstöðvarnar eru í Portland. Forsetinn þurfti einmitt gistingu þar. Hann þurfti að hitta þar menn útaf siglingarleið á þingi um flutninga á dóti (og olíu) yfir Norðurskautið. Forsetinn sér að ísinn er bráðnaður. Forsetinn hlakkar til að opna nýja siglingarleið frá Norður-Ameríku til Asíu. Forstjórinn líka. Forsetinn og forstjórinn eiga þann draum sameiginlegan að Ísland verði ný Bifröst. Regnbogabrú þar sem þeir geta innheimt siglingartolla. Sigt fleyjum sínum. Verið hliðverðir. Eins og Perry vinur í Ísrael. Hvorugur hefur áhyggjur af loftslagsbreytingunum og hlýnun jarðar sem valda ísbráðnun. Þeir hafa ekki áhyggjur af sýrustigi sjávar. Þeir sjá tækifæri fyrir sig og vini sína.“

GRETTIR
VATNSKASSAR
Sími 577 6090

*Við sérhæfum okkur í vatnskössum
og bensíntönkum.
Gerum við og eigum nýja til á lager.*



ÍSAFJÖRÐUR

GÖNGUSKÍÐASVÆÐI Á HEIMSMÆLIKVARÐA

- » BRAUTIR VIÐ ALLRA HÆFI
- » SKÍÐALEIGA
- » FLÓÐLÝSTAR BRAUTIR
- » NÆGUR SNJÓR

**VERTU Í STUÐI OG
KOMDU VESTUR!**

DALIRNIR.IS | FACEBOOK.COM/SKIDASVAEDI

MENNINGIN

Listamaðurinn Curver hefur endurskoðað allt sitt líf í frumlegum þriggja vikna gjörningi:

Hugmyndin kviknaði í Hruninu

Undanfarnar þrjár vikur hefur listamaðurinn Curver staðið fyrir gjörningi í Ketilhúsinu á Akureyri. Í verkinu flokkar hann og tekur til í sínum eigin persónulegu bréfum, pappírnum og skjölum sem hann hefur sankað að sér í gegnum tíðina. Flestir myndu líklega gera slíkt alklæddir heima í stofu en hann er nakinn og getur almenningur fylgst með honum bæði á staðnum og á samfélagsmiðlum. Curver hefur ekki yfirgefið Ketilhúsið í þessar þrjár vikur en segir ekki væsa um sig, það sé hlýtt en húsið sé gríðastórt svo hann hafi ekki fundið til mikillar innilokunarkenndar.

Nektin styrkur og varnarleysi

Hugmyndina segir hann hafa vaknað í hruninu en verið í mótun þar til nú. Hann hafi unnið mikið með „paths“ elementíð í meistaranámi sínu í New York og áður verið nakinn í verkum sínum. Curver segir að nektin búi bæði til sterka en um leið algjörlega varnarlausu stöðu „sem maður setur sig í við að vera nakinn í svona gjörningi. Einnig setur það gjörðina í listfræði-



legra samhengi. Svona dálítið eins og grísku stytturnar eða „Hugsuðurinn“ eftir Rodin“, segir Curver.

Þversagnir tilverunnar

Markmiðið með sýningunni er þó ekki aðeins persónulegur ávinningur, að taka til í eigin bréfasafni, heldur er henni ætlað að vekja fólk til umhugsunar með ýmsum þversögnum. Hvernig grisjum við út, hendum eða varðveitum okkar fortíð sem þjóð eða samfélag? Þá fjallar verkið einnig mikið um skilin milli persónulegs rýmis og almenningsrýmis. Á sama tíma og

listamaðurinn sinnir persónulegri iðju innilokaður á safni þá geti gestir og gangandi fylgst með honum á staðnum og á samskiptamiðlum.

Jákvæð fjarlægð við listasenu

Curver segir viðtökurnar hafa verið vonum framar og aðsókn mikil í Ketilhúsið en einnig jákvæð umfjöllun í fjölmiðlum og á samskiptamiðlum. Þá sé verkið kjörið til að framkvæma úti á landi, en hann sé ekki viss um að hún hefði gengið svona vel á listasafni í Reykjavík. Það komi inn á hugmyndina

um persónulegt rými á móti almenningsrýminu og eins verði „fiskisögu effectinn“ sterkari með vissri fjarlægð við þungamiðju listasenu og borginni.

Endurskoðar lífið

En verður hann þreyttur við framkvæmdina? „Já, alveg ótrúlega,“ segir Curver. „Frábært að þú spyrð. Þetta verk tekur dálítið á. Bæði líkamlega í því að vera við þessa iðju og einhvern veginn við það að vera svona berskjaldaður og „til sýnis“. En aðallega líka andlega við að fara í gegnum allt þetta efni en þetta er gífurlegt magn efnis frá seinustu 25-30 árum eða svo. Ég er í rauninni með þessu að endurskoða allt mitt líf í gegnum þessi skjöl og pappírsefni.“

Fussað yfir listamannalaunum

Fjarveran frá fjölskyldunni tekur líka

á en í samtals fimm vikur hefur Curver látið sér nægja að tala við ungan son sinn í gegnum skype. Hann segir það oft gleymast að listafólk forni venjulegum fjölskylduáðstæðum til að skapa – gjarnan fyrir samfélagið í heild. Allir hafi gaman af því að njóta listar og menningar í einhverri mynd. „Það er t. d. gaman að fara á tónleika í sínum heimabæ en maður gleymir að fólk er oft á tónleikaferðum langt frá fjölskyldu og er á lúsarlaunum ef þá einhverjum. Allur bakrammi eðlilegs fjölskyldulífs líður fyrir vikið. Öllum finnst gaman að syngja með lögnum en fussa svo yfir styrkjum og listamannalaunum.“

Væri annars í djúpum

Hann segir sína list vera þess eðlis að erfitt sé að selja hana. Gjörningar, uppákomur og jaðartónlist seljist ekki í bilförmum. „Ég hef alltaf haft áhuga á því að yta listinni og mörkum hennar og mengi lengra. Ég hef sérstakan áhuga á línunni á milli framúrsteftu og almenningslistar og hef mikið lagt á mig til að uppræta eða færa skilin þar á milli. Einstaka listamannalaun og styrkir hafa hjálpað til í gegnum tíðina við að geta komið svona verkefnum í framkvæmd. Ég sem betur fer fékk nokkra mánuði núna til að gera þetta verk. Annars hefði ég verið í djúpum skít,“ segir Curver að lokum.

Sýningu hans sem staðið hefur frá í janúar lýkur á morgun.

Viðurkenndur þjónustuaðili Toyota í nágrenni við þig

- heildarþjónusta við Toyota eigendur



ARCTIC TRUCKS | KLETTHÁLSI 3 | 110 REYKJAVÍK | Sími 540 4900 | WWW.ARCTICTRUCKS.IS

Hjá Arctic Trucks starfa reyndir bifvélavirkjar sem veita þér fyrsta flokks þjónustu.

- Almennar bílaviðgerðir
- Þjónustuskoðanir
- Ábyrgðarviðgerðir
- Ástandsskoðanir
- Smurþjónusta
- Hjólastillingar
- Hjólbarðaverkstæði
- SKUTLÞJÓNUSTA



Ekki missa af ...

... FALK-kvöldi í tónleikahúsinu Mengi klukkan 21.00 næstkomandi föstudagskvöld. Falk samanstendur af Auxpan, KRAKKBOT og AMFJ. Leikin verður tilraunakennd tónlist þar sem tónlist og skynjun er stefnt er saman á stórbrotinn hátt. Auxpan hefur starfað við raftónlist frá því fyrir síðustu aldamót. Hann hefur komið víða við og verið til fyrirmyndar. Tvískipt hljóðsnælda með Auxpan og Oberdada von Brutal er komin út hjá FALK útgáfunni og verður fánleg á tónleikunum. Baldur Björnsson (KRAKKBOT) hefur verið starfandi frá lokum síðustu aldar og hefur komið víða fram á tónleikum og tónlistarhátíðum bæði héraendis og erlendis. Hann lauk nýverið MMUS gráðu í raftónlist og tæknist frá ArtScience deild konunglega listaháskólans í Den Haag í Hollandi. Fyrsta breiðskífa KRAKKBOTs er væntanleg innan skamms hjá FALK útgáfunni og fleiri útgáfur eru í deiglu. AMFJ spilar næstum dansvæna óhljóðatónlist þar sem hversdagsleg umhverfishljóð hafa verið teygð og skæld og blönduð inni hljóðgerfladrifinn og ágengan hljóðvegg. AMFJ tekst á ljóðrænan og fallegan hátt á við vandamál hins vinnandi manns í magnþrungnum samruna orða og tónlistar sem engan



lætur ósnortinn. Ofsalegt sjónarspil, krefjandi upplifun. Aðgangseyrir er 2000 krónur.

... Leiksýningunni Fyrirgefðu hf. en hún veltir upp áleitnum spurningum um fyrirgefninguna í markaðsvæddu samfélagi. Í verkinu má heyrja sögur byggðar á rúmlega sjöttu viðtölum sem Málamyndahópurinn tók við fólk á aldrinum 5-85 ára. Afraksturinn er þverskurður af stórum og smáum fyrirgefningum úr íslenskum raunveruleika, sem lætur engan ósnortinn. Verkið verður sýnt í Tjarnarbíó á morgun sunnudag, kl. 20:00.

... Þáttökugjörningi Gjörninga-klúbbsins/The Icelandic Love Corporation sem nefnist Hugsá minna - skynja meira. Gjörningurinn fer fyrst fram næstkomandi fimmtudag, þann 20. febrúar en verður endurtekinn 21., 22., 26., 27. og 28. febrúar. Hugsá minna - skynja meira er verk á mörkum myndlistar og leiklistar sem sameinar óbeislaða óvissu gjörningalistar og dramatíska persónusköpun leikhússins. Verkið verður sýnt í Listasafni Íslands og er miðaverð 2.900 krónur.

... Þáttökugjörningi Gjörninga-klúbbsins/The Icelandic Love Corporation sem nefnist Hugsá minna - skynja meira. Gjörningurinn fer fyrst fram næstkomandi fimmtudag, þann 20. febrúar en verður endurtekinn 21., 22., 26., 27. og 28. febrúar. Hugsá minna - skynja meira er verk á mörkum myndlistar og leiklistar sem sameinar óbeislaða óvissu gjörningalistar og dramatíska persónusköpun leikhússins. Verkið verður sýnt í Listasafni Íslands og er miðaverð 2.900 krónur.

... Þáttökugjörningi Gjörninga-klúbbsins/The Icelandic Love Corporation sem nefnist Hugsá minna - skynja meira. Gjörningurinn fer fyrst fram næstkomandi fimmtudag, þann 20. febrúar en verður endurtekinn 21., 22., 26., 27. og 28. febrúar. Hugsá minna - skynja meira er verk á mörkum myndlistar og leiklistar sem sameinar óbeislaða óvissu gjörningalistar og dramatíska persónusköpun leikhússins. Verkið verður sýnt í Listasafni Íslands og er miðaverð 2.900 krónur.



Við náum til fjöldans

Við sjáum um örugga dreifingu á fjölpósti

Póstdreifing dreifir fjölpósti sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins. Mælingar sýna að 60% landsmanna skoða fjölpóst og er hann því áhrifarík leið til að koma skilaboðum um vöru eða þjónustu beint inn á heimilin. Öruglega til þín.

Nánari upplýsingar veitir söludeild í síma 585 8300.

Póstdreifing

MATARSÍÐA SVAVARS

svavar@islenskurmatur.is



Hjartað sem flutti fjöll – og skapaði hamingju og störf

Svavar Halldórsson

Einn vinsælast útvarpsþáttur SVT-1 í Svíþjóð, gufu þeirra Svía, heitir Meny og er í umsjón merkilegrar konu sem heitir Sofia Agneta Gulliksson. Þátturinn fjallar um mat. Fia, eins og hún er jafnan kölluð, er ein mesta ástríðukona um mat sem greinarhöfundur hefur nokkru sinni hitt. Þessi ástríða skilar sér á margan hátt í því sem Fia gerir. Hún er matarblaðamaður, kokkur, ráðgjafi og matarsendiherra fyrir heimahéraðið sitt, Jämtland. Höfuðstaður héraðsins, Östersund, var fyrir fáeinum árum tilnefnd matarhöfuðborg Svíþjóðar. Bærinn er á lista UNESCO, Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna, yfir skapandi borgir. Fia átti stóran þátt í að ná þeim áfanga. Hún og Jämtland eru eitt.

Kom sveitinn sinn á heimskortið

Saga Fiu Gulliksson er að mörgu leyti sérstök. Þegar hún var ung yfirgaf hún heimahagana og ferðaðist um heiminn, skíðaði, eldaði og drakk í sig allt það góða sem lífið hefur upp á að bjóða. Eftir að hún kom heim tók hún upp merki staðbundinnar matarframleiðslu og hefur haldið þeim á lofti æ síðan. Bændur og framleiðendur í Jämtland hafa Fiu í hávegum. Ferðamannastraumur hefur aukist til muna í héraðinu eftir að menn fóru að leggja áherslu á ríka matarmenningu héraðsins. Veitingastaðir hafa sprottið upp og héraðið hefur komist á kortið, ekki bara hjá UNESCO, heldur líka hjá sænskum stjórnvöldum og matar-áhugamönnum um allan heim.

Matarlandið Svíþjóð

Fyrir fimm árum tóku Svíar upp nýja stefnu, sem útleggja mætti á íslensku sem Matarlandið Svíþjóð. Þeir ákváðu að leggja sérstaka áherslu á mat í allri stefnumótun stjórnvalda, hlúa að matarmenningu, hollustu og hefðum. Ráðamenn telja þessa stefnumótun hafa verið mikið gæfuspör og rekja meðal annars aukinn útflutning á sænskum matvælum beint til þessarar stefnumótunnar. Svo ekki sé talað um fjölda nýrra veitingastaða og aukin fjölda svokallaðra matarferðamanna til Svíþjóðar. Jämtland og Östersund voru fyrirmyndirnar – og Fia Gulliksson einn helsti ráðgjafinn.

Fia er sérfræðingur í öllu sem viðkemur sænskum mat, matargerð og matarmenningu. Hún hefur lagt sitt af mörkum til Slow Food hreyfingarinnar í Svíþjóð og upphéð staðbundinnar matarframleiðslu, en hún er líka séð kaupslukona. Eitt fyrirtæki hennar er veitingastaðinn Jazzköket í Östersundi. Þar er alltaf fullt út úr dyrum – skiljanlega – segja þeir sem hafa smakkað matinn. En Jazzköket er enginn venjulegur veitingastaður, frekar en eigandinn. Samfélagsleg ábyrgð er tekin bókstaflega.



Gafst aldrei upp

Þegar Fia Gulliksson var að opna staðinn vildi hún fá vörur beint frá litlum framleiðendum, kaupa beint af bændum og fiskimönnum en rakst víða á vegg. Eitt helsta vandamálið var að ekki var hægt að koma vörum frá þessum litlu framleiðendum því enginn sá sér hag í að sækja fáeinar pylsur eða sultukrúkkur lengst upp í sveit til að koma þeim í verslanir í borgunum. Fia var einbeitt og gafst ekki upp. Hún vildi aðeins nota besta fánlega hráefni á veitingastanum sínum og samdi loks við eitt stærsta heildsölu og dreifingarfyrirtæki Stokkhólms um að kaupa það sem hún þyrfti af þeim – að því gefnu að þeir gætu útvegað henni allt sem hún þyrfti. Ég kaupi af þér hveiti og sykur – ef ég get líka keypt af þér vörur frá sænskum smáframleiðendum, gæti hún hafa sagt.

Í þágu bóndans

Úr varð að heildsalinn gerði út sendibíla í sveitirnar til að sækja það sem Fia þyrfti, flekk og síld, ber og osta, allt eftir árstíðum og því hvernig matseðillinn þróaðist. Úr varð nýtt dreifikerfi fyrir staðbundnar gæðavörur frá litlum framleiðendum. Þegar þetta var komið á gátu litlu framleiðendur komið vörinni sinni til Östersunds, ekki bara til Fiu, heldur líka í sérverslanir og salan jókst. Hagur þessara bænda og litlu framleiðenda snarbatnaði og skyndilega var reksturinn kominn með styrkari stöðir. Fiu tókst þannig að nýta eigin velgengi í þágu þeirra sem hún berst hvað harðast fyrir. Hver keyptur matarskammtur á Jazzköket í Östersundi bætir þannig hag smáframleiðanda í Jämtland og víðar í hinum dreifðu byggðum Svíþjóðar. Ekki svo lítið dagsverk hjá vinkonu minni Fiu Gulliksson.

Ábendingar, góðráð og uppskriftir

Ábendingar frá lesendum Reykjavíkur vikublaðs um hvaðeina sem tengist mat eru vel þegnar. Verið óhrædd við að hafa samband, hvort sem um er að ræða skemmtilega síði, reynslusögur af

veitingastöðum eða úr verslunum, ábendingar um sniðuga matvöru, ræktun eða framleiðslu. Endilega sendið okkur línu á netfangið svavar@islenskurmatur.is. Góðar uppskriftir eru líka vel þegnar.

OKKAR BAKARÍ

Skóðið úrvalið!

Flottar kökur í afmælið

- Dóra og Diego
- Skylanders
- Bratz
- Spiderman
- Star Wars
- Hulk
- Disney prinsessur
- Monster High
- Tísku Barbie
- Litla hafmeyjan
- Strumparnir og margt fleira



länbú 2 Garðabæ 565 8070
okkarbakari.is
facebook.com/okkarbakari



Arnór L. Pálsson
framkvæmdastjóri



Ísleifur Jónsson
útfarastjóri



Frímann Andrésson
útfararþjónusta



Jón Bjarnason
útfararþjónusta

REYNSLA · UMHYGGJA · TRAUST



Hugrún Jónsdóttir
útfararþjónusta



Guðmundur Baldvinsson
útfararþjónusta



Þorsteinn Elíasson
útfararþjónusta



Ellert Ingason
útfararþjónusta

ÞEGAR ANDLÁT BER AÐ HÖNDUM



Önnumst alla þætti útfararinnar

ÚTFARARSTOFA
KIRKJUGARÐANNA

Vesturhlíð 2 • Fossvogi • Sími 551 1266 • www.utfor.is

Rafstilling ehf

startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

REYKJAVÍK

Auglýsingasíminn
er 578 1190

Bröns.

Í hádeginu
alla laugardaga
og sunnudaga

Diskur með beikoni, hrærðum eggjum, pylsum, pönnuköku, djúpsteiktum camembert, ristudu brauði, skinku, osti, ávöxtum og heimalöguðum skyrdrykk. Kaffi eða te fylgir með.

2.395,-

GEYSIR
Bistro

Aðalstræti 2 | 101 Reykjavík | Tel: +354 517 4300 | www.geysirbistro.is



Htak
Öflugt teymi iðnaðarmanna
...viðgerðir, viðhald og nýbyggingar!

Oddur 660 1054
htak@htak.is

Hannes 660 1055
htak@htak.is


REYKJAVÍK

Auglýsingasíminn
er 578 1190

FJÖLMIÐLAR

Toppar og botnar

Ingimar Karl
Helgason



Hjálmar Gíslason, framkvæmdastjóri DataMarket birti áhugaverða grein á bloggsíðu sinni í vikunni. Greininni fylgdi þessi mynd sem sýnir hvernig mál komast í hámaili í fjölmiðlum og umræðunni, en virðast síðan oftast en ekki detta niður dauð.

Myndin byggir ekki á vísindum eða mælanlegum stærðum, segir Hjálmar, heldur á þeirri tilfinningu sem hann hefur fyrir umræðunni. Þessi tilfinning er ekki út í bláinn. Í öllu falli er Hjálmar ekki einn um að upplifa fréttaumfjöllun og umræðu með þessum hætti.

Ef myndin prentast vel, þá sést hvaða mál er um að ræða, en Hjálmar nefnir til dæmis umræðu um MP banka og frískuldamark, umræðu um verðtryggingu, hvalabjörinn, Vine stjórnur í Smáralind, umræðu um íþróttamann ársins og fleira.

Frétt slátrað með brandara

Eðli margra þessara mála er að þau

vekja mikla athygli í skamma stund, en hverfa svo aftur. Stundum er umræðan hreinlega tæmd. En svo er ekki um öll mál. Þannig er umræða um verðtryggingu mál sem rætt er aftur og aftur. En síðan eru málin þar sem fjölmiðlar beinlínis klikka. Dæmi um það er MP málið og umræðan um frískuldamark. Frosti Sigurjónsson þingmaður Framsóknarflokksins varð margsaga í málinu og enn er ekkert vitað hvernig þetta frískuldamark kom til. Umfjöllun um málið lauk hins vegar snögglega þegar forsætisráðherra sagði að þingmaðurinn ætti til að hugsa upphátt.

Svipuð örlög hlaut umfjöllun um skattamál og lögheimilsskipti forsetafrúarinnar í fyrra. Brandari um hundinn Sám varð punkturinn aftan við þá umfjöllun.

Umhugsunarvert viðskiptamódel

Hjálmar segir í athugasemd við grein sína að hann hafi með þessu langað til að „spegla“ þjóðfélagsumræðuna

eins og hún blasi við honum, en alls ekki að gera lítið úr máluðum sem fjallað sé um, enda þótt sum þeirra séu „sannarlega alger stormur í vatnsglassi“. Umræða um þjóðfélagsmál gæti hins vegar skilað meiru „ef hún væri ekki jafn upphlaupakennd og raun ber vitni“ heldur að fastar væri tekið á færri málum, og þeim fylgt betur eftir, segir Hjálmar.

Það sé margt sem valdi þessu: „Þ. á. m. viðskiptamódel fjölmiðla sem í dag leyfa ekki alvöru eftirfylgni og rannsóknarblaðamennsku, en þrífast þess í stað á og ýta undir tilfinningaklám, slúður og espingar,“ segir Hjálmar Gíslason. Sjálfsgagt kemur fleira til en þetta hlýtur að vera fjölmiðlunum og okkur öllum umhugsunarrefni.

Hér á síðunni hafa verið birtar aðsendar greinar um fjölmiðla. Linda Blöndal flutti okkur áhugaverðan pistil fyrir skömmu. Tveir stjórnarmenn í Lýðræðisfélaginu Öldu, birta okkur nú bréf sitt til nýs útvarpsstjóra, en hann á að taka við störfum í byrjun mars.

Opið bréf til útvarpsstjóra - Hvað með lýðræðið?

Nú hefur verið valinn nýr útvarpsstjóri til starfa. Sá sem fór frá taldi sig ekki njóta stuðnings, enda hafði hann á síðustu árum sagt upp miklum fjölda starfsmanna með umdeildum hætti. Undirrituðum stjórnarmönnum í Öldu – félagi um sjálfbærni og lýðræði, leikur forvitni á að vita aðeins um sýn nýs útvarpsstjóra á rekstur RÚV og hugmyndir um lýðræði.

Alda sendi frá sér áskorun á dögnum þar sem þess var krafist að hætt skyldi við fyrirhugaðan niðurskurð og fjöldauppsagnir dregnar til baka. Jafnframt vill félagið tryggja sjálfstæði Ríkisútvarpsins og skapa sátt og traust innan stofnunar sem utan.

Í lögum um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannabágu, er fyrsta markmið laganna, og þar með stofnunarinnar, að stuðla að lýðræðislegri umræðu. Ríkisútvarpið er í eign almennings sem það starfar í þágu og þjónustu við. Eitt mikilvægasta hlutverk þess er að veita eigendum sínum áreiðanlegar upplýsingar, s. s. um stjórnarmál, vísindi, heilsu, efnahagsmál, menningu og umhverfi. Enda er þess krafist í lögum um

útvarpið að það veiti víðtæka, áreiðanlega, almenna og hlutlega fréttaskýringarþjónustu.

Ljóst má vera að verulega hefur dregið úr bolmagni Ríkisútvarpsins til þess að rækja lýðræðislegt hlutverk sitt. Aðgerðir valdhafa og yfirlýsingar eru til þess fallnar að grafa undan trausti á stofnuninni. Það má ekki gerast heldur þarf þvert á móti að efla og bæta Ríkisútvarpið. Alda leggur því til að lög um Ríkisútvarpið verði endurskoðuð með það að markmiði að tryggja sjálfstæði þess og tækifæri til að sinna lýðræðislegri og menningarlegri skyldu sinni. Það má gera með ýmsum hætti en félagið leggur áherslu á tvö atriði sem eru líkleg til að auka traust og sátt jafnt innan stofnunar sem utan.

Í fyrra lagi að stærri ákvarðanir um breytingar á rekstri eða lögum um Ríkisútvarpið verði aðeins gerðar með aðkomu almennings, t. d. í lýðræðislegu þátttökufæri.

Í seinna lagi að Ríkisútvarpið verði lýðræðisvætt þannig að hver starfsmaður hafi eitt atkvæði. Þannig verði dregið úr miðstýringu og áhrifum valdhafa eða utanaðkomandi aðila



Höfundar eru
Andrea J. Ólafsdóttir og
Kristinn Már Ársællsson,
stjórnarmenn í Öldu

í gegnum allsráðandi stjórnendur. Í lýðræðislega reknum fyrirtækjum er launamunur almennt minni en í sambærilegum fyrirtækjum og reynt í lengstu lög að verja störf, s. s. með styttingu vinnutíma. Í síðasta niðurskurði hjá Ríkisútvarpinu virðist yfirstjórn hlíft með öllu. Í stjórn Ríkisútvarpsins er rétt að auk kjörinna starfsmanna sitji slemmbildir fulltrúar almennings. Fyrsta verk starfsmanna á lýðræðislega reknu Ríkisútvarpi yrði að endurskoða rekstur og forgangsröðun.

Undirrituðum þætti vænt um að nýr útvarpsstjóri gerði grein fyrir sinni framtíðarsýn fyrir RÚV. Sérstaklega þá hvort hann muni beita sér fyrir auknu lýðræði innan stofnunarinnar og hvernig hann hyggist efla og tryggja lýðræðislegt hlutverk RÚV.

ER KOMINN TÍMI TIL AÐ GERA EITTHVAÐ?

NÁMSKEIÐ SEM OPNA ÞÉR NÝJAR LEIÐIR

Hringsjá náms- og starfsendurhæfing býður úrval af öðruvísi og spennandi námskeiðum sem hafa hjálpað mörgum að komast aftur eða í fyrsta sinn af stað til meiri virkni, meiri lífsgæða og fleiri valkosta í námi eða starfi.

Fjármál á mannamáli

Fjármál einstaklinga á
mannamáli! Eykur
skilning á fjármálum, bæði
eigin og almennt.

Stærðfræði fyrir byrjendur

Beitt er nýjum
aðferðum til að skapa
áhuga og jákvætt
viðhorf til stærðfræði.

ÚFF - Úr frestun í framkvæmd

Farið yfir ástæður frest-
unar, einkenni og afleið-
ingar. Fyrir þá sem vilja
hætta að fresta og fara að
ná árangri í lífinu.

Minnis- tækni

Kennd er tækni til þess að
efla og bæta minnið.
Hentar þeim sem eiga við
gleysku eða skert minni
að stríða.

Sjálfstyrking

Styrkir nemendur í að
tjá sig, sýna öruggari
framkomu og almennt
vera til!

Í Fókus - Að ná fram því besta með ADHD

Eykur skilning á ADHD
(athyglisbrestri / ofvirkni)
og hvernig hægt er að ná
betri tökum á ADHD.

Tölvugrunnur

Tölvunotkun fyrir
byrjendur. Unnið á
eigin hraða með
aðstoð.

TÁT - Tök á tilverunni

Bjargráð og færni í að
takast betur á við daglegt
líf og hindranir sem upp
koma.



Hringsjá

Náms- og starfsendurhæfing

Námskeiðin eru sniðin fyrir einstaklinga, 18 ára og eldri sem hafa verið frá vinnumarkaði eða námi vegna slysa, veikinda, félagslegra erfiðleika eða annarra áfalla. Námskeiðin geta líka hentað þeim sem hafa litla grunnmenntun eða hafa átt erfitt með að tileinka sér hefðbundið nám.

Auk námskeiða býður Hringsjá líka fullt nám í 3 annir.

Frekari upplýsingar og skráning hjá Hringsjá í síma 510-9380 eða á hringsja.is.

{Skápar}
{Skenkir}
{Myndir}
{Styttur}
{Postulín}
{Silfur}
{Stólar}
{Borð}

**ANTIK
ÚTSALA**

**30 - 50 % AF
HÚSGÖGNUM**

**50 %
AF BÓKUM**

**20 % AF
SMÁHLUTUM**

20 - 50 % AFSLÁTTUR

**ANTIK
BUÐIN**

HAFNARFIRÐI
552-8222 / 867-5117

FRÉTTASKÝRING

atli@thorfanndal.com



Atli Þór Fanndal

Tilraun til hvítþvottar?

Tilgangur rannsóknar rekstrarfélags Stjórnarráðsins virðist hafa verið að hvítþvo innanríkisráðuneytið af leka á trúnaðargögnum um hælisleitendur en ekki að komast til botns í málinu. Heimildamenn blaðsins innan úr stjórnsýslunni og ráðuneytinu segja rannsókn rekstrarfélagsins hafi verið takmörkuð. Starfsmenn hafi strax í upphafi lýst efasemdum um gæði hennar og tilgang en ekki var hlustað á ábendingar þeirra. Í vikunni voru starfsmenn ráðuneytisins krafðir öðru sinni um samþykkt fyrir að leitað yrði í tölvupósti þeirra en nú af hálfu lögreglu. Það þýðir að rannsókn lögreglu, sem ríkissaksóknari óskaði eftir, er hafin og í fullum gangi. Hins vegar benda viðmælendur blaðsins á að enn einu sinni sé aðeins leitað í opinberum netföngum ráðuneytisins en málið ekki kannað víðar.

Nægir til hvítþvottar

Gagnrýni starfsmanna á rannsókn rekstrarfélagsins var að sögn svarað af



Óbreyttur starfsmaður innanríkisráðuneytisins tekur við áskorun mótmælenda um að ráðherra viki.

nokkri léttúð og bent á að slík rannsókn myndi duga til að opinberlega væri hægt að fullyrða að ráðuneytið hefði rannsakað málið og að ekkert hefði fundist. 10. desember síðast liðinn óskaði ríkissaksóknari eftir upplýsingum um málið frá ráðuneytinu. Það var ekki fyrr en eftir það sem félagið var sett í að athuga tölvupósta. Sú rannsókn var því ekki að frumkvæði ráðuneytisins líkt og Hanna Birna Kristjáns-

dóttir, innanríkisráðherra hefur ýjað að heldur til að veita saksóknara svör við upplýsingabeiðni sinni.

Ekki tókst að kanna hvort rannsókn lögreglu á tölvupóstum ráðuneytisins náti til ráðherra eða aðstoðarmanna.

Opinbera útgáfan

Óánægju gætir meðal undirmanna ráðherra í innanríkisráðuneytinu vegna þeirra tvöföldu afstöðu sem hún er sögð taka í málinu. Opinberlega lýsi hún sínu starfi sem kraftmiklu frumkvæði til að komast til botns í málinu. Aðra sögu sé að segja af viðbrögðum ráðherra innanhúss. Raunar hefur DV þegar birt umfjöllun um óánægju starfsmanna á starfsmannafund. Einn



Hanna Birna Kristjánsdóttir sagðist á Alþingi í vikunni vera með „hreina samvisku“ í málinu. Mynd: Pressphotos.biz

viðmælandi sagði ráðherra hafa skammað starfsmenn vegna óánægju þeirra í sinn garð, en hún sjálf stæði í mikilli baráttu við að verja ráðuneytið út á við. Þá er ráðherrann sagður hafa sagt starfsmönnum að varla vildu þeir að öll óánægja með störf þeirra yrði rannsökuð. Slika framkomu verður að skoða í sambengi við fréttatflutning af afskiptum ráðherra af þingmönnum og fjölmiðlum sem fjallað hafa um málið.

Formaðurinn

Rekstrarfélag stjórnarráðsins heyrir undir fjármálaráðuneytið og fer með enga eftirlitsskyldu heldur rekur fasteignir og tölvukerfi stjórnarráðsins. Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins er fjármálaráðherra.

Hann hefur opinberlega sagt að Hanna Birna eigi ekki að víkja vegna saka-málarannsóknarinnar. Óljóst er hvers vegna ákveðið var að rekstrarfélagið skyldi annast rannsóknina enda félagið með lágmarksstarfssemi.

Leita til lögmanna

Nokkrir starfsmenn innanríkisráðuneytisins hafa þegar leitað til lögmanna vegna málsins. Rannsókn lögreglu að beiðni ríkissaksóknara beinist að öllum starfsmönnum en um tíma ríkti óvissa um hvort starfsfólk fengi réttarstöðu grunaðra. Í bréfi lögreglu þar sem óskað var heimildar til að leita í tölvupósti starfsmanna var ekki tilkynnt um slíka stöðu. Þar af leiðir að enn hafi allir starfsmenn réttarstöðu vitna.



ÓMAR ÆSKUNNAR

Sögur af sérstæðu fólki einstök kvöldstund með Ómari Ragnarssyni

Það er alltaf gaman í Gaflaraleikhúsinu

Sýningar

Sunnudagur
23. febrúar
kl. 20.00

Sunnudagur
2. mars
kl. 20.00

Sunnudagur
9 mars
kl. 20.00

Sunnudagur
16 mars
kl. 20.00

Miða
pantanir
565 5900
midi.is

gaflaraleikhusid.is

Skólarnir í vetrarfrí

Vetrarfrí verður í öllum grunnskólum borgarinnar fimmtudag og föstudag í næstu viku, 20. og 21. febrúar. Þessa daga verður sérstök dagskrá fyrir fjölskylduna í öllum frístundamiðstöðvum borgarinnar og má sjá dagskrá á vefsíðum einstakra miðstöðva. Einnig fá fjölskyldur grunnskólabarna fritt í sund frá eitt

til fjögur báða dagana. Menningarstofnanir borgarinnar verða líka með dagskrá fyrir fjölskyldur þessa daga. Þannig verður t. d. ratleikur í Sjóminsasafninu, Landnámssýningin verður opin og Ljósmyndasafn Reykjavíkur verður með dagskrá fyrir alla fjölskylduna, samkvæmt upplýsingum frá Reykjavíkurborg.

Heimspækikaffi

Gunnar Hersveinn, rithöfundur og heimspækningur, og Ásgerður Einarsdóttir, ferðamálafræðingur, fjalla um biðlund og hægletti í heimspækikaffi í menningarmiðstöðinni í Gerðubergi í Breiðholti, næstkomandi miðvikudagskvöld. Í tilkynningu frá Gerðubergi segir að heimspækikaffið hafi notið vinsælda undanfarin misseri, en fjallað sé á mannamáli um mikilvæg efni og „viska gesta lokkuð fram með skemmtilegum umræðum.“ Heimspækikaffið hefst klukkan 20.

REYKJAVÍK

Auglýsingasíminn er 578 1190

Einkarekið Apótek

Lágt lyfjaverð - góð þjónusta



GARÐS
APÓTEK
- rétt leið

Sogavegi við Réttarholtsveg

Opið kl. 9-18 virka daga • Sími 5680990 • www.gardsapotek.is

Hvar verður þú í vetrarfríinu?

Komdu
frekar
nordur!



Vetrar- og útivistar- hátíðin Éljagangur

Dagana 13.-16. febrúar verður hin árlega vetrar- og útivistarhátíð Éljagangur haldin á Akureyri, með frábærum viðburðum tengdu vetrarsporti. Kíkið á viðburðina á eljagangur.is

Skíðabúnaður til leigu

Skíðaleigan okkar hefur á boðstólum búnað frá öllum helstu skíðaframleiðendum heims. Þú getur pantað búnaðinn á netinu áður en þú kemur, á hlidarfjall.is

Skíða- og brettaskólinn allar helgar!

Skíða- og brettaskólinn er hugsaður fyrir 5-12 ára börn, jafnt fyrir byrjendur sem lengra komna. Hádegisverður er innifalinn ef börnin eru frá kl. 10-14



Hlíðarfjall
Akureyri

Sími: 462-2280

Opnunartíma og nánari upplýsingar má finna á:
www.hlidarfjall.is

facebook /hlidarfjall

Útsalan í fullum gangi

10-50% afsláttur


 Ynja
UNDIRFATAVERSLUN

HAMRABORG 20A • KÓPAVOGI 544-4088 • YNJA.IS



BAKSÍÐAN



Hrund Snorradóttir

Tölum saman

Það er svo einkennilegt að öll umræða í samfélaginu geti farið fram af ofsa. Afhverju er það? Efsta stig risavaxinna lýsingarorða rétt svo duga til þess að lýsa skoðun fólks, á skoðunum annarra. Getur verið að samfélagið sé orðið svo hratt, svo öfgakennt og svo hátt stemmt vegna ótta og óvissu að við getum ekkert annað en að öskrað hátt svo í okkur heyrst? Nú er það orðið þannig að ef miðborgarþú tjáir sig um það að mögulega vilja ráða umhverfisskipulagi í sínu byggðarlagi þá er viðkomandi skítsama um líf og limi ungabarna á landsbyggðinni. Ef landsbyggðarþú tjáir sig um að hlúa þurfi að útgerðinni þá er sá hinn sami menningarskertur fáviti best geymdur í torfkofa fyrir austan. Hvað veldur þessum öfgum? Afhverju kunnum við ekki að tala saman? Afhverju þurfa allir alltaf að hafa rétt fyrir sér? Í leiklistinni var mér kennt að til þess að tjá reiði væri ekki endilega best að öskra heldur yrði ég að finna aðra leið til að tjá tilfinningar mínar, því ef maður öskrar stanslaust, missir það marks og verður bara hávaði.

Það er enginn að segja að við þurfum að vera alltaf sammála um allt enda væri það mjög ógnvekjandi tilhugsun. En er ekki kominn tími til þess að við hegðum okkur í samræmi við það sem við reynum að innræta í börnunum okkar. Tjáum okkur af virðingu við hvort annað, rökræðum og tökumst á. En fyrst og fremst, tölum saman.

REYKJAVÍK

Alla laugardaga

Sushi allan sólarhringinn!



Iceland



ÞVOTTADAGAR

20-26% afsláttur

af öllum þvottavélum, þurrkurum

AEG og uppvottavélum

FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI

0%
vextir
Vaxtalausar
raðgreiðslur
í tólf mánuðir!

*3.5% lánmörgið

ÞVOTTAVÉL LAVAMAT 60260FL

1200 snúninga
Taumagn 6 kg
Öll hugsanleg
þvottakerfi
Íslensk notendahandbók

Listaverð:
135.900,-

Þú sparar:
36.000,-

TILBOÐSVERÐ – 99.900,-



ÞVOTTAVÉL LAVAMAT 60460FL

1400 snúninga
Taumagn 6 kg
Öll hugsanleg
þvottakerfi
Íslensk notendahandbók

Listaverð:
145.900,-

Þú sparar:
36.000,-

TILBOÐSVERÐ – 109.900,-



UPPVOTTAVÉL ZDF2010 - W/M

12 manna stell
5 þvottakerfi
4 hraðastillingar
A/A/A orkunýting
Hljóð 51db
Þvottahæfni: A
Þurrkhæfni: A

TILBOÐSVERÐ – 79.900,- HVÍT
89.990,- STÁL



ÞURRKARI LAVATHERM T76280AC

Barkalaus
Rakaskynjari
Taumagn: 8 kg
Íslensk notendahandbók

Listaverð:
149.900,-

Þú sparar:
29.980,-

TILBOÐSVERÐ – 119.920,-



UPPVOTTAVÉL FAVORIT 45010-M

12 manna stell
5 þvottakerfi
Turbo-þurrkun
Hljóðlát vél: 47db (re 1 pW)
Orkunýtni: A
Þvottahæfni: A
Þurrkhæfni: A

TILBOÐSVERÐ – 95.920,- STÁL



– og gerðu
frábær kaup!

AEG ryksugur – 20% afsláttur

ORMSSON

Opið virka daga frá kl. 10-18
og laugardaga frá kl. 11-15

FRÁBÆRT PAR OG MIKILL SPARNADUR:

ÞVOTTAVÉL OG ÞURRKARI

LAVAMAT 75470 & LAVATHERM T76280

ÞVOTTAVÉL
1400 snúninga · Taumagn 7 kg
Öll hugsanleg þvottakerfi
Íslensk notendahandbók

ÞURRKARI
Barkalaus með rakaskynjara
Taumagn 8 kg
Íslensk notendahandbók

Listaverð á PARINU:
329.800,-

Þú sparar:
65.960,-

TILBOÐSVERÐ – PARIÐ 263.840,-

